

Hreppsnefnd Akrahrepps: Fundardagskrá 29. ágúst 2019

15. fundur 2018 – 2022

Staður og tími: Héðinsminni, klukkan 20:00.

Mætt: Drífa Árnadóttir, Einar Gunnarsson, Eyþór Einarsson, Þorkell Gíslason og Hrefna Jóhannesdóttir.

Fundargerð:

1. Samningur milli svf. Skagafjarðar og svf. Akrahrepps

Lögð fram drög að þjónustusamningi milli svf. Skagafjarðar og svf. Akrahrepps til samþykktar.

Hreppsnefnd samþykkir framlagðan þjónustusamning milli sveitarfélagsins Akrahrepps og svf. Skagafjarðar um framkvæmd verkefna.

2. Samningur milli svf. Skagafjarðar og svf. Akrahrepps varðandi þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa.

Lögð fram drög að þjónustusamningi varðandi skipulags- og byggingarfulltrúa til samþykktar.

Hreppsnefnd samþykkir framlagðan samning milli sveitarfélagsins Akrahrepps og svf. Skagafjarðar um þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa.

3. Lagt fram erindi frá sveitarstjórn Grýtubakkahrepps

Tölvupóstur frá sveitarstjórn Grýtubakkahrepps lagður fram en þar er vakin umræða um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga. Þessi umræða snertir sérstaklega íbúa með færri en 1000 íbúa.

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

„Hreppsnefnd Akrahrepps mótmælir harðlega öllum hugmyndum um lögþvingaðar sameiningar sveitarfélaga á Íslandi. Ráðamenn eru hvattir til að virða hagsmuni íbúa og sjálfsákvörðunarrétt í eigin málefnum. Sameining sveitarfélaga getur verið ákjósanleg og skynsamleg en verður að gerast á forsendum þeirra sem um ræðir en ekki með valdboðum að ofan“.

Oddvita falið að skila inn umsögn um málið á samráðsgáttina.

4. Erindi frá Tónlistarskóla Akureyrar

Óskað eftir því að svf. Akrahreppur greiði að fullu tónlistarnám nema með lögheimili í hreppnum.

Hreppsnefnd Akrahrepps samþykkir erindið.

5. Erindi frá hestamannafélaginu Skagfirðingi

Lögð fram umsókn um fjárstyrk til kaupa á hljóðkerfi á keppnisvelli hestamannafélagsins á Sauðárkróki.

Hreppsnefnd Akrahrepps samþykkir að greiða styrk að upphæð 200.000 kr.

6. Erindi frá húsnefnd Héðinsminnis

Lögð fram tillaga að gjaldskrá til samþykktar
Lögð fram tillaga að umgengnisreglum til samþykktar
Lögð fram tillaga að viðhaldi haustið 2019.

Hreppsnefnd Akrahrepps gerir ekki athugasemd við gjaldskrána og samþykkir hana.

Hreppsnefnd Akrahrepps gerir ekki athugasemd við umgengnisreglur félagshéimilisins og samþykkir þær.

Hreppsnefnd Akrahrepps samþykkir að fara í viðhald á Héðinsminni og oddvita falið að skoða betur framkomnar tillögur og fjárveitingar.

7. Umsókn um gistileyfi í flokki III.

Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Norðurlandi vestra þar sem óskað er staðfestingar hreppsnefndar á leyfi til að reka gististað í flokki III að Flugumýri, 561 Varmahlíð.

Hreppsnefnd Akrahrepps staðfestir leyfið.

8. Vegaframkvæmdir á Þjóðvegi 1 á Öxnadalsheiði

Oddviti skýrði frá stöðu framkvæmda á Þjóðvegi 1 og samskiptum við sveitarfélagið Hörgársveit vegna málsins.

9. Vegamerkingar í Blönduhlíð

Lagt fram erindi frá íbúum og sumarhússeigendum við Djúpadalsveg.

Hreppsnefnd tekur jákvætt í erindið og oddvita falið að ganga frá málinu.

10. Beiðni um aukafjárveitingu vegna húsbúnaðarkaupna fyrir Varmahlíðarskóla.

Lagt fram erindi frá skólustjóra Varmahlíðarskóla þar sem óskað er eftir aukafjárveitingu til að kaupa nauðsynlegan húsbúnað. Áætlaður heildarkostnaður er 1.680.000 fyrir bæði sveitarfélögin.

Hreppsnefnd Akrahrepps samþykkir erindið.

11. Önnur mál

Hér undir skýrsla oddvita.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 23.25